

**9.046**

**Leiðbeiningar  
fyrir skráningu á  
gæðastjórnunar-  
kerfi**

## Efnisyfirlit

1	Almennt .....	3
2	“Mínar síður” Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) .....	3
3	Innskráning með rafrænum skilríkjum .....	4
4	Skráning á gæðastjórnunarkerfi .....	5
5	Hafa samband.....	7

## 1 Almenn

Samkvæmt 5. tölulið 13. greinar laga um mannvirki nr. 160/2010 er eitt af skilyrðum þess að byggingarleyfi sé gefið út að viðkomandi byggingarstjóri og iðnmeistarar hafi gæðastjórnunarkerfi skv. ákvæðum laganna og gæðastjórnunarkerfin hafi verið skráð í gagnasafn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS).

Í 24. gr. laganna er gerð krafa um að hönnuðir og hönnunarstjórar skuli hafa gæðastjórnunarkerfi og að þeir skuli tilkynna HMS um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í gagnasafn stofnunarinnar.

Í 28. gr. laganna er kveðið á um að byggingarstjóri skuli hafa gæðastjórnunarkerfi og í gr. 4.8.1 í byggingarreglugerð er þess krafist að byggingarstjóri skuli tilkynna HMS um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í gagnasafn stofnunarinnar.

Í 32. gr. laganna er kveðið á um að iðnmeistarar skuli hafa gæðastjórnunarkerfi og beri að tilkynna HMS um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í gagnasafn stofnunarinnar.

Áður en umsækjandi hefur skráningu gæðastjórnunarkerfis þarf hann að senda inn umsókn um skráningu gæðastjórnunarkerfis til HMS (9.022 sjá nánar um skráningu í kafla 4). Í framhaldinu þarf að fara fram skjalaskoðun á kerfinu hjá faggiltri skoðunarstofu eða vottunarstofu. Senda skal síðan undirritaða skoðunarskýrslu um niðurstöðu þeirrar skoðunar til HMS.

## 2 “Mínar síður” Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS)

Til að skrá gæðastjórnunarkerfi þarf umsækjandi að skrá sig inn á „Mínar síður“ og velja “Öryggi mannvirkja” á [www.hms.is](http://www.hms.is)

The screenshot shows the homepage of the HMS website. The navigation menu at the top includes: Byggingar, Brunavarnir, Húsnæðisbátur, Húsnæðislán, Húsnæðismál, Refmagnsöryggi, Um HMS, and a search icon. The 'Mínar síður' (My pages) link is circled in red. Below the navigation bar, there is a large aerial photograph of a residential area. On the left side of the photo, there is a white box with the text: 'Skýrsla frá hagdeild', 'Staðan á leigumarkaði 2020', and a red button 'Sjá nánar hér'. On the right side, there is a teal box with a white house icon and the text 'Hlutdeildarlán'. Below this box, there is a section titled 'Vinnsla umsókna um hlutdeildarlán' with the text: 'Umsækjendur sem sóttu um hlutdeildarlán á umsóknartímabilinu 21. nóv – 13. des mega vænta þess að fá svar ekki seinna en 15. jan 2021' and a link 'Sjá nánar'.

### 3 Innskráning með rafrænum skilríkjum


Til að skrá gæðastjórnunarkerfi byrjar umsækjandi á að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum.



Við fyrstu skráningu á „Mínar síður“ HMS er rétt að yfirfara og eftir atvikum leiðréttu undir „Notandi“.

Þar skráir notandi netfangið sem hann vill nota til að taka við skilaboðum frá byggingargátt.

Síðan er farið í „Umsóknir“ og „Gæðastjórnunarkerfi“ valið.



Þegar valið er að skrá gæðastjórnunarkerfi rafrænt kemur upp þessi mynd

Til að skrá gæðastjórnunarkerfi smellið á:

#### **Gæðastjórnunarkerfi**



Síðan er fyllt út í viðeigandi reiti (sjá nánari leiðbeiningar um skráningu í kafla 4).

Gæðastjórnunarkerfi

Sótt er um skráningu gæðastjórnunarkerfis fyrir:

Hér má velja fleiri en eina tegund.

Skráning fyrir  Byggingastjóra  
 Hönnuð  
 Hönnunarstjóra  
 Lönnmeistara

Umsækjandi

Kennitala \*

Nafn \*

Heimilisfang \*

Póstnr.

Staður

Farsími

Netfang

Teg. löggildingar/starfsleyfis

Ef umsækjandi hefur heimild fyrirtækis um notkun á gæðastjórnunarkerfi þess, skal umsækjandi fylla út í neðangreinda reiti.

Fyrirtæki	
Nafn fyrirtækis	<input type="text"/>
Kennitala	<input type="text"/>
Heimilisfang fyrirtækis	<input type="text"/>
Staður	<input type="text"/>
Póstnúmer	<input type="text"/>
Sími	<input type="text"/>
Netfang	<input type="text"/>

## 4 Skráning á gæðastjórnunarkerfi

### Tegund gæðastjórnunarkerfis:

Velja skal tegund gæðastjórnunarkerfis þegar sótt er um:

*hönnuður, hönnunarstjóri, byggingarstjóri eða iðnmeistari.*

- Hönnuðir, hönnunarstjórar og iðnmeistarar þurfa að afla sér löggildingar áður en þeir sækja um skráningu gæðastjórnunarkerfis.
- Byggingarstjórar þurfa að afla sér starfsleyfis samhliða skráningu gæðastjórnunarkerfis.

### Umsækjandi:

Hér skal fylla inn nafn og kennitölu umsækjanda þess sem sækir um skráningu gæðastjórnunarkerfis. Ef um rafræna umsókn er að ræða birtist nafn og kennitala sjálfkrafa.

Samkvæmt 2. mgr. 24. gr., 1. mgr. 28. gr. og 7. mgr. 32. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki.

Umsókn um skráningu gæðastjórnunarkerfis hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara í gagnasafn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS).

#### 1 SÓTT ER UM SKRÁNINGU GÆÐASTJÓRNUNARKERFIS FYRIR |

<input type="checkbox"/>	Hönnuð	<input type="checkbox"/>	Hönnunarstjóra
<input type="checkbox"/>	Byggingarstjóra	<input type="checkbox"/>	Iðnmeistara

#### 2 UMSÆKJANDI

Nafn	<input type="text"/>	Kennitala	<input type="text"/>
Heimilisfang	<input type="text"/>	Staður	<input type="text"/>
Sími	<input type="text"/>	Póstur	<input type="text"/>
Netfang	<input type="text"/>	Farsími	<input type="text"/>
Tegund löggildingar/ starfsleyfis	<input type="text"/>		

**Fylgigögn:**

Hér er hægt að hlaða upp fylgigögnum svo sem skoðunarskýrslu gæðastjórnunarkerfis sem umsækjandi aflar sér hjá faggiltri skoðunarstofu eða vottunarstofu og gögn um starfsréttindi ef um rafræna umsókn er að ræða. Ef fylgigögn eru ekki á rafrænu formi, skal senda þau ásamt umsókn til HMS.

**3 FYLGIGÖGN**

Hér skal tilgreina fylgigögn með umsókn svo sem afrit af skoðunarskýrslu gæðastjórnunarkerfis frá faggiltri skoðunarstofu eða vottunarstofu og gögn um starfsréttindi (löggildingu /starfsleyfi).

Fylgigögn

**Gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis:**

Ef umsóknaraðili vinnur hjá fyrirtæki og nýtir gæðastjórnunarkerfi þess skal hann upplýsa HMS um það með því að skrá í liði nr. 4 og 5 á umsóknareyðublaði. Ef ekki, þá sleppir umsækjandi þessum liðum og fer beint í undirskriftarliðinn nr. 6.

**4 GÆÐASTJÓRNUNARKERFI FYRIRTÆKIS**

(eftirfarandi upplýsingar í liðum 4-5 skal ekki fylla út nema umsækjandi nýti gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis)

Hér skal tilgreina nafn fyrirtækis ef umsækjandi nýtir gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis.

Nafn fyrirtækis		Kennitala	
Heimilisfang fyrirtækis		Staður	
Sími		Póstur	
Netfang			

Starfsmenn eiga við starfslok hjá fyrirtæki, rétt á að fá afrit af gæðaskjölum sem varða þeirra störf.

**5 TENGILIÐUR/UMSJÓNARMAÐUR GÆÐASTJÓRNUNARKERFIS FYRIRTÆKIS**

Hér skal tilgreina tengilið/umsjónarmann fyrirtækis ef umsækjandi nýtir gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis.

Nafn tengiliðar fyrirtækis	
Kennitala tengiliðar	

Undirskrift tengiliðar fyrirtækis:

Ég: \_\_\_\_\_ kt: \_\_\_\_\_

tek að mér umsjón gæðastjórnunarkerfis þessa og skuldbind mig til að láta Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vita um allar breytingar á starfsmönnum sem starfa hjá fyrirtækinu og nota gæðastjórnunarkerfi þess. Tilkynna skal um nýja starfsmenn og þá sem hætta störfum. Starfsmenn skulu við starfslok eiga rétt á að fá afrit af gæðaskjölum sem varða þeirra störf.

Staður: \_\_\_\_\_ Dags: \_\_\_\_\_

Að þessu loknu skal vista umsóknina og senda (ef rafrænt) eða senda á pappírformi til HMS.

Umsóknin fer nú í vinnslu hjá HMS sem sendir tilkynningu með tölvupósti að afgreiðslu lokinni.

<b>6 UNDIRSKRIFT UMSÆKJANDA</b>	
_____	_____
Dagsetning	Umsækjandi

## 5 Hafa samband

Ef upp koma spurningar eða vandamál við skráningu gæðastjórnunarkerfa eða viðhald upplýsinga sem kerfin eiga að geyma er hægt að hafa samband við þjónustuver Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar í síma 440 6400 eða í netfang [oryggi@hms.is](mailto:oryggi@hms.is). Einnig skal bent á að hægt er að nálgast verklagsreglur og leiðbeiningar um skráningu og viðhald gæðastjórnunarkerfa á vef HMS undir “Gæðastjórnunarkerfi”.

### Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á verklagsreglunni:

Utgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
2.0	Uppfærsla frá MVS yfir í HMS	4.1.2021
2.1	Lagfæringar á texta	16.2.2021
2.2	9.022-1 Yfirlýsing á samþykki fyrirtækis tekin út	20.04.2021